

Miðvikudaginn 8. janúar 1997.

Nr. 10/1997.

Sigurður Flygenring

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Kynnisferðum sf.

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Félagsdómur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar 1997. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu leitar sóknaraðili dóms um launakröfu, sem hann reisir meðal annars á kjarasamningi 31. maí 1995 milli Bifreiðastjóránfélagsins Sleipnis annars vegar og vinnuveitenda hins vegar. Héraðsdómi er rétt að meta öll atriði, sem varða þessa launakröfu, og skýra að því leyti ákvæði þessa kjarasamnings. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að á dómþingi í héraði 21. júní 1996 lýstu lögmenn málsaðila gagnaöflun lokið, og var málinu frestað til aðalmeðferðar 5. desember sl. Hinn kærði úrskurður var síðan kveðinn upp 17. sama mánaðar. Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 ber dómara að athuga, hvort gallar séu á máli, sem geti varðað frávísun þess

án kröfu, þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð. Var drátturinn, sem varð á ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins, andstæður þessu lagaákvæði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Kynnisferðir sf., greiði sóknaraðila, Sigurði Flygenring, 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 5. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Flygenring, Miðvangi 4, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 21. mars 1996, á hendur Kynnisferðum sf., Vesturvör 6, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 48.010 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá er gerð krafa um málskostnað samkvæmt gjaldskrá Löggarðs hf. ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

— — —

Málsástæður stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi engan rétt til frekari greiðslna, hvorki samkvæmt kjarasamningi né ráðningarsamningi.

Sýknukrafa stefnda er studd því, að með kjarasamningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis hafi verið samið um sömu almennar launahækkanir og í kjarasamningum landssambanda ASÍ, sbr. samninginn á dskj. nr. 3, 1. og 2. mgr. 2. gr., jafnframt því sem lágmarkslaunataxtar félagsins hafi verið færðir nær þeim launum, sem tíðkist. Eins og skýrt sé tekið fram í samningnum, hafi samningsaðilar verið sammála um, að hinir nýju launataxtar eigi ekki undir neinum kringumstæðum að leiða til hækkunar launa umfram það, sem felist í samningnum, sbr. 3. mgr. 2. gr. Kjarasamningurinn hafi því breytt samsetningu launa stefnanda þannig, að bónusgreiðsla lækkaði samfara hækkun á taxtaupi. Á grundvelli kjarasamningsins hafi stefnda því ótvírátt verið heimilt að lækka bónusgreiðslur stefnanda í 20 yfirvinnutíma á mánuði, sbr. útreikning á dskj. nr. 17.

Fyrirgreind 2. gr. kjarasamningsins gangi framur gr. 1.8.4. í eldri samningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis. Launaútreikningur stefnda byggist, sem fyrr

greini, á ákvæðum 2. gr. kjarasamnings félagsins frá 31. maí 1995. Eldri samningsákvæði um, að hærri kaup eða frekari hlunnindi en sá samningur kveði á um skuli haldast óbreytt, hafi þar ekki áhrif. Stefnandi geti því ekki reist rétt á ákvæði gr. 1.8.4.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 3 sé réttur til greiðslu 5 mínútna vegna neyslutíma í yfirvinnu bundinn við, að slíkt hlé hafi ekki verið veitt. Sú niðurstaða eigi sér beina stoð í orðalagi ákvæðisins, þar sem talað sé um hlutfallslega greiðslu fyrir neyslutíma. Sama greiðsluregla gildi að þessu leyti og um dagvinnu, enda skýrt tekið fram, að þessar aukamínútur skuli til viðbótar unnum tíma greiddar fyrir hvern fullan unnninn klukkutíma. Stefnandi hafi ætíð átt kost á neyslhléum og eigi því ekki rétt til greiðslna vegna þeirra.

Þá sé einnig á því byggt af hálfu stefnda, að þegar litið sé til heildarlaunakjara stefnanda, geti hann ekki átt frekari kröfur á hendur stefnda.

Stefndi vísar um málskostnað til XXI. kafla l. nr. 91/1991, 129. og 130. gr.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Deiluefni máls þessa er ágreiningur um skilning og túlkun á kjarasamningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis annars vegar og hins vegar Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfyrirtækja félaga í Félagi sérleyfishafa, félaga í Félagi hópferðaleyfishafa og annarra atvinnurekenda, sem voru aðilar að áðurgildandi samningi.

Fyrir liggur, að sú ákvörðun var tekin af Bifreiðastjórafélaginu Sleipni að höfða mál til innheimtu kröfu fyrir einn starfsmann stefnda í hans nafni, en skerðingin mun hins vegar ná til allra starfsmanna félagsins á þessum vinnustað.

Telja verður, að sá ágreiningur, sem hér er fyrir dómi, sé þess eðlis, að hann beri að leggja fyrir Félagsdóm til efnisúrlausnar, sbr. 2. tl. 44. gr. og 47. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að fullnægðum ákvæðum 45. gr. sömu laga. Liggur ekki fyrir, að Félagsdómur hafi synjað um að taka málið til meðferðar, svo sem er skilyrði samkvæmt 47. gr. laganna, svo að málið verði rekið fyrir almennum dómstólum. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.
